



M E N N I N G A R S T E F N A

SELTJARNARNESBÆJAR

HLUTVERK

Tilgangur menningarstefnu Seltjarnarness er að íbúar bæjarins fái notið menningar- og menningarstarfs. Leiðarljós stefnunnar er að efla áhuga, löngun og möguleika bæjarbúa til að njóta menningar.

MARKMIÐ

- Menningarstarf verði veigamikill þáttur í bæjarlífinu árið um kring, efli bæjarbrag og ímynd Seltjarnarness út á við.
- Listræn ásýnd bæjarins verði styrkt.
- Markvisst verði unnið að listuppeldi barna og unglinga svo að menning og listsköpun verði sjálfsagður og eðlilegur þáttur í lífi þeirra.
- Sérstæð náttúra Seltjarnarness verði að fremsta megni þætt saman við list og listsköpun.
- Upplýsingar um menningu og menningarstarfsemi verði aðgengilegar og vel kynntar.
- Starfsemi safna innan bæjarins verði aukin og þess gætt að þau hafi aðdráttarafl fyrir alla aldurshópa.
- Umsjón listaverka í eigu bæjarins sé fagleg og viðhald þeirra reglubundið.



LEIÐIR

- 3-4 daga menningarhátíð haldin annað hvert ár
 - Bæjarlistamaður Seltjarnarness útnefndur árlega.
 - Aðstaða til listsköpunar, listviðburða og listsýninga bætt samfara annarri uppbyggingu í bæjarfélaginu.
 - Listamenn búsettir á Seltjarnarnesi hvattir til að taka virkari þátt í samfélaginu s.s. með samstarfi við skóla bæjarins og aðrar stofnanir.
 - Skapaður vettvangur fyrir starfandi listamenn á Seltjarnarnesi til að kynna sig og verk sín.
 - Listræn og menningarleg sjónarmið verði sjálfsagður hluti af allri skipulagsvinnu bæjarins
 - Sögu, menningu og minjum bæjarins verði haldið á lofti á lifandi og framsækinn hátt
 - Bókasafnið sé öflug menningar- og upplýsingamiðstöð .
 - Stuðlað verði að þróunar- og frumkvöðlastarfsemi í tengslum við listmenntun barna og unglunga.
-
- Ungu fólki verði gefinn kostur á að stunda listræna sköpun undir handleiðslu fagfólks.
 - Stuðlað verði að virku menningarsamstarfi milli allra aldurshópa.
 - Seltjarnarnes verði opið fyrir listrænu samstarfi við önnur bæjarfélög sem og listamenn búsetta utan sveitarfélagsins.





SELTJARNARNESBÆR
Menningarnefnd